

**Ed.**

**697. Lög**

um landamerki o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 6. sept.).

I. kaflí.

**Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.**

1. gr.

Þar, sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sje við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skift land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skift er úr landi jarðar.

Skyllt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerðar, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú ris ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sinu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor, en ef þá greinir á, nefnir ráðherra oddamann.

2. gr.

Eigandi lands eða fyrirvarsmaður skal gera glöggva skrá um landa-

merki, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar og getið itaka og hlunninda í land það, svo og þeirra itaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annara manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirvarsmanni hans, svo og aðiljum itaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi. Skal hann athuga, hvort allir aðiljar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess á skránni, og síðan fá sýslumanni hana til þinglýsingar á næsta manntalsþingi.

Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana af nýju, enda sjeu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

### 3. gr.

Eiganda lands, eða fyrirvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ef ágrein- ingur verður um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt regl- um, sem í 1. gr. getur.

### 4. gr.

Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiftum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1.—3. gr.

Dóm um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, enda hafi dóminum eigi áður verið áfrýjað. Nú hefir dómi eigi orðið þinglýst á næsta manntalsþingi eftir dóms- uppsögn, og skal honum þá lýst á næsta manntalsþingi þar frá.

### 5. gr.

Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

### 6. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn, hver í sinu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrá þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrá þess hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða landeiganda, eða fyrirvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

Á manntalsþingum skulu valdsmenn grenslast eftir því, hvort ákvæð- um laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sje fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sinum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valds- manni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim eignum.

### 7. gr.

Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1.—3. gr. laga þessara á næstu 2 árum frá því, er þau koma til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum, er renni í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög, ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr. 1. málsgr. 2. másl.

Mál út af brotum á 1.—4. og 6. gr. 1. málsgr. 2. másl. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

## II. kafli.

### Um meðferð landamerkjamála.

### 8. gr.

Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skifta, sje um landamerki eða itaks, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar, samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður valdsmaður þá aðilja þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annaðhvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðiljar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal valdsmaður leita sáttá með aðiljum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt. Valdsmaður ákveður, hversu fer um greiðslu á þóknun til hans og ferðakostnað, ef aðiljar verða eigi ásáttir um það.

Ef lönd liggja hvort í sinu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra fara skuli með málið.

### 9. gr.

Ef sáttatilaun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal valdsmaður þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðiljar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með valdsmanni, og stýrir hann dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sinum hluta, og skal þá valdsmaður gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi viki úr dómarsæti eftir að dómruðning hefir farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal valdsmaður þá nefna 3 menn í stað hans í dóm, enda fer um ruðningu sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því svo fljótt sem unt er.

Hver maður, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, er skyldur að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Dómstjóri kveður á um, hvor aðilja skuli greiða kostnað af dóms-

athöfn hverri, og greiðist hann þegar að athöfn lokinni. Kostnað þennan má taka lögtaki.

Þóknun og ferðakostnaður fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er dóm- andi er að merkjadómsstörfum, skai ákveðin í dóminum, og má skjóta því á- kvæði til hæstarjettar sjerstaklega.

#### 10. gr.

Nú er merkjadómur skipaður, og skal þá dómstjóri ákveða næsta þinghald í málinu og tilkynna meðdómendum þá ákvörðun. Eigi má það þinghald síðar vera en 9 mánuðum eftir fyrsta þinghald. Skulu aðiljar í öðru þinghaldi leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt. Þá skulu og dómendur og aðiljar, og einnig vitni, ef nauðsyn þykir, enda sje þingið háð á varnarþingi vitnanna, ganga á merki og athuga landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf og kostur er á. Skal jafnan svo til haga, að jörð sje auð, ef mál er svo vaxið, að annars kostar komi skoðunargerðin eigi að fullum notum. Skal málf lutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það. Skal dómur upp kveðinn þegar eftir að málf lutningi er lokið, og ávalt áður en liðnir eru 3 sólarhringar þar frá.

#### 11. gr.

Merkjadómi ræður afl atkvæða. Í dómi skal skýrt kveðið á um landa- merki eða merki ítaka, sbr. 8. gr., og er hann gild merkjaskrá. Í merkjadómi skal og ákveðið, hvernig fara skuli um greiðslu málskostnaðar. Fullnægja má merkjadómi sem öðrum dómi.

#### 12. gr.

Skylt er eiganda lands eða fyrirsvarsmanni, búsettum utan þess sýslu- fjelags, þar sem land liggur, að tilnefna umboðsmann, er búsettur sje í því sýslufjelagi, og er rjett að stefna þeim umboðsmanni í landamerkjamáli. Tilkynna skal valdsmanni, hver umboðsmaður sje, og skal það skrá í fast- eignaskrá.

Nú er vanrækt að tilkynna valdsmanni, hver umboðsmaður sje, sam- kvæmt 1. málsgr., og skal valdsmaður þá skipa aðilja einhvern lögráðan, valinkunnan mann til þess að taka við stefnu og halda uppi málstað hans í merkjamáli. Skylt er hverjum manni, sem er yngri en 60 ára, sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, að hlita slikri skipun.

#### 13. gr.

Nú sækir aðili eða umboðsmaður hans eigi merkjadómþing, og skal þá valdsmaður skipa honum einhvern skynsaman og valinkunnan mann til þess að fara með mál hans, enda skal þing heyja engu að síður. Skal valds- maður, svo sem kostur er á, skipa aðilja talsmann þann, er málinu sje kunn- ugur og aðilja hlyntur. Um skyldu til að hlita slikri skipun fer eftir 12. gr. 2. málsgr.

#### 14. gr.

Frestir allir í merkjamálum skulu vera sem í gestarjettarmálum, nema öðruvísi sje sjerstaklega um mælt í lögum þessum. Reglan um, að óstefndur skuli vera ónefndur, og N. L. 1—13—13, gildir ekki.

Um meðferð merkjamála fer annars eftir almennum málflyttingsreglum einkamála, að svo miklu leyti sem við á og eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

#### 15. gr.

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar áður liðnir sjeu 6 mánuðir frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá sama tíma. Hæstarjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsgr., og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstarjettur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

Eigi þarf að stefna dómendum í merkjadómi, þegar honum er áfrýjað, nema gerð sje krafa á hendur þeim til ábyrgðar fyrir málsmeðferð þeirra eða dóm.

### III. kafli.

#### Um áreiðar- og vottvangsmál.

#### 16. gr.

Nú verður ágreiningur um itök, önnur en þau, er í 8. gr. getur, eða um önnur slík afnot lands, um vatnsveitu og afnot vatns, um lóðamerki í kaupstöðum eða löggiltum kaupúnum, um kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og skal dómari þá, áður en málið er tekið undir dóm, nefna 4 meðdómendur, enda telji hann nauðsyn bera til að skoða þrætustaðinn. Um meðdómendur og dómruðning gilda ákvæði 9. gr. Skulu dómendur allir skoða þrætustaðinn, og skal veita aðiljum kost á að vera viðstaddir skoðunargerðina. Skyllt er vitnum og að ganga á þrætustaðinn undir sama skilorði, sem áður segir í 10. gr. Um dómsuppsögn skal og fara sem í 10. gr. er mælt.

#### 17. gr.

Nú telur dómari nauðsynlegt, að gerður sje uppdráttur af þrætustaðnum, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það. Síðan nefnir hann, ef aðili óskar þess, mann til þess að gera uppdráttinn, er síðan skal staðfesta fyrir dómi á venjulegan hátt, ef annarhvor aðilja vefengir hann.

Nú hefir uppdráttur eigi verið gerður samkvæmt 1. málsgr., og á þá að vísa málinu frá dómi, nema sakaratriði það, er uppdrátturinn skyldi hafa skýrt, sje alt að einu nægilega ljóst.

#### 18. gr.

Um höfðun og meðferð mála þeirra, sem í þessum kafla greinir, fer að öðru eftir almennum reglum. Þó skulu ákvæði 14. gr. 1. málsg. og 15. gr. síðari málsg. einnig gilda í þessum málum.

### IV. kafli.

#### Almenn ákvæði.

#### 19. gr.

Þegar málum þeim, er í II. og III. kafla laga þessara getur, er áfrýjað til æðra dóms, skal uppdráttur af þrætulandi eða þrætustað fylgja dómsgerðum málsins.

Nú fylgir enginn slikur uppdráttur, og æðri dómur telur sjer eigi unt að leggja dóm á málið þess vegna, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það, að málinu skuli fresta ákveðinn tíma, er nægilegur sje eftir mati dómsins til þess að afla uppdráttarins. Að frestinum liðnum tekur dómurinn málið fyrir af nýju, og ef uppdráttur, gerður og staðfestur samkvæmt 17. gr., er þá eigi lagður fram, skal vísa málinu frá dómi.

#### 20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Með öll þau mál, sem í II. og III. kafla greinir, skal fara samkvæmt þeim, ef stefna er út gefin eftir 1. jan. 1920.

#### 21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—7—1, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., að því leyti sem hann varðar óðals- og eignaprætur, og 1—16, sbr. kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 31. mars 1719, 4. gr., tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr., lög nr. 5, 17. mars 1882, og lög nr. 31, 2. des. 1887, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi. Þó skulu lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, vera framvegis í gildi.